



## Fundargerð

**442. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri kl. 16:00 þriðjudaginn 31. mars 2020. Þetta er 4. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Jóni Hrafn Karlssyni og er 10 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Bjarki Guðnason varaoddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna. Eva Björk Harðardóttir boðar forföll og í hennar stað er mættur Jón Hrafn Karlsson, fyrsti varamaður D lista. Katrín Gunnarsdóttir boðar forföll og í hennar stað er mætt Unnur Einarsdóttir Blandon, annar varamaður D lista. Einnig situr fundinn Gunnar Birgisson starfandi sveitarstjóri.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir samþykki sveitarstjórnar fyrir því að fundurinn fari fram sem fjarfundur, í samræmi við ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv VI. bráðabirgðaákvæðis sveitarstjórnalaga, nr 138/2011 sem gefin var út 18. mars 2020.

*Tillagan er samþykkt.*

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, við málefnskrá bætist;

## II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

13. Leiðir til viðspyrnu og sóknarfæra vegna Covid-19 og staða mála í sveitarfélaginu.
14. Álagningar og gjaldskrár 2020.

## III. Fundargerðir til kynningar

5. Fundur forstöðumanna Skaftárhrepps með sveitarstjóra mánudagin 23. mars 2020

## IV. Annað kynningarefni

9. Viðbragðsáætlun Skaftárhrepps vegna Covid-19
10. Aðgerðaráætlun Skaftárhrepps vegna Covid-19

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

## Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum

*Eva Björk Harðardóttir hefur óskað eftir leyfi frá störfum í sveitarstjórn í 3 mánuði af persónlegum ástæðum. Mun Bjarki Guðnason varaoddviti starfa sem Oddviti Skaftárhrepps næstu 3 mánuði. Gunnar Birgison hefur sinnt störfum Sveitarstjóra síðastliðna 2 mánuði og unnið að ýmsum málefnum sveitarfélagsins. Sanda Brá Jóhannsdóttir kemur aftur til starfa þann 1. apríl 2020.*



## Dagskrá

### I. Fundargerðir til samþykktar

1. Fundur skipulagsnefndar nr 155. dags 23.03.2020

#### 1. 1810003 – Hátún, skipulags- og matslýsing til auglýsingar.

Fyrir fundi liggur skipulags- og matslýsing sem hefur verið uppfærð og tekur mið af umsögnum frá Fiskistofu, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun auk athugasemda frá skipulagsnefnd Skaftárhrepps.

*„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa lýsinguna og leita frekari umsagna“*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 2. 1908007 - Hrífunes, skipulags- og matslýsing til auglýsingar.

Fyrir fundi liggur skipulags- og matslýsing sem hefur verið uppfærð og tekur mið af umsögnum frá slökkviliði Skaftárhrepps, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skógræktinni, Vegagerðinni og Veðurstofu Íslands. Ekki hefur borist umsögn frá Ferðamálastofu.

*„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa lýsinguna“*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 3. 2003006 – Hemruhlíð, ósk um breytingu á aðalskipulagi.

Birkir Einarsson FÍLA f.h.Hemruhlíðar ehf. kt. 700501-2050 sækir um breytingu á aðalskipulagi skv meðf. gögnum. Deiliskipulag verði unnið samhliða.

*„Skipulagsnefnd tekur jákvætt í deiliskipulagsáformin og fellst á að aðalskipulagsbreytingin verði unnin samhliða endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032.“*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 4. 1903004 – Hæðargarður, deiliskipulag þjónustumiðstöðvar til auglýsingar.

Andri Klausen arkitekt hjá ASK arkitektum f.h. Fasteignafélagsins Skerjavalla ehf. kt. 541015-3290 sækir um leyfi fyrir deiliskipulagi á þjónustulóð að Hæðargarði skv. meðf. gögnum

*„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa deiliskipulagið eftir að umsækjandi hefur ráðfært sig við Vegagerðina varðandi fjarlægðir milli af- og fráreina af þjóðvegi 1 og Meðallandsvegi.“*



*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

**6. 2003007 – Melhóll 2, L163406 - Umsókn um stofnun lóðar.**

Marvin Ívarsson fh. Ríkiseigna kt. 690981-0259 óskar eftir að stofnuð verði lóð utanum borholu og dæluhús fyrir vatnsveitu bæja í Meðallandi.

*„Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að aðgengi sé tryggt í samráði við ábúanda og Vegagerðina.“*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

**7. 2003008 - Bakkakot 2, L163303 - Umsókn um stofnun lóðar.**

Marvin Ívarsson fh. Ríkiseigna kt. 690981-0259 óskar eftir að stofnuð verði lóð undir bæjarstæði Guðrúnar Gísladóttur og Sigurgeirs Jóhannssonar, heitins. Upprunalegt bæjarstæði jarðarinnar, sem er bæjarstæði Guðrúnar Jóhannsdóttur, mun áfram tilheyra jörðinni Bakkakot 2, en tvíbýlt hefur verið á jörðinni.

*„Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að aðgengi sé tryggt í samráði við ábúanda og Vegagerðina.“*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Kristbjörg Hilmarsdóttir og Ólafur E Júlíusson lýsa sig vænhæf í næsta dagskrárlið og víkja af fundi.*

**8. 1912008 – Norðurhjáleiga, L163414 - Umsókn um stofnun lóðar.**

Reynir Þór Garðarsson fh. dB Arndísar Salvardsóttur kt. 140529-4359 óskar eftir að stofnuð verði lóð utanum íbúðarhús dánabúsins skv. meðf. gögnum.

*„Skipulagsnefnd samþykkir erindið“*

*Kristbjörg Hilmarsdóttir og Ólafur E Júlíusson koma aftur til fundarins.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn og fundargerð samþykkt.*



2. Fundur aðalskipulagsvinnuhóps nr 6. dags 3.03.2020

*Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.*

3. Fundur menningarmálanefndar nr 90. dags. 21.02.2020

1. Farið yfir fjárhagsáætlun fyrir 2020

Það sem nefndin hefur til ráðstöfunar er:

542.260 kr nefndarlaun og fundarkostnaður

18.175 kr fyrir kammertónleika

200.000 kr fyrir sumarhátíðir

600.000 kr Uppskeru- og þakkarhátíð

500.000 kr Aðrir styrkir, listamenn.

400.000 kr 17. júní með íþrótt og æskulíðsnefnd.

*Sveitarstjórn bendir á uppfærða fjárhagsáætlun Skaftárhrepps fyrir árið 2020*

4. Menningamálanefnd óskar eftir aðstöðu fyrir æfingahúsnæði og vinnustofur í „brennslunni“ á Klaustri

*Sveitarstjórn bendir á að brennslan er nú notuð sem áhaldahús og sorpflokkunarstöð*

5. Rætt um Kirkjuhvol sem er góður staður fyrir menningarviðburði. Það hefur verið vandamál undanfarið hvað tækjabúnaður er kominn á aldur eða þarfnast þess að einhver sinni honum. Vantar nauðsynlega umsjónarmann búnaðarins og hússins sem getur aðstoðað þá sem eru með viðburði í salnum eða leigja húsið. Sveitarstjórn hvött til að skoða þetta mál

*Sveitarstjórn þakkar ábendinguna.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir fyrir sveitarstjórn og fundargerð samþykkt.*



## II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

### 1. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2020

*Samkvæmt viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2020 er gert ráð fyrir að heildartekjur sveitarfélagsins verði 668.992 þús.kr. Þar af skattekjur 428.917 þús.kr., framlög jöfnunarsjóðs 116.744 þús.kr. Laun og launatengd gjöld verði 333.223 þús.kr. Annar rekstrarkostnaður verði 310.496 þús.kr. og afskriftir 22.023 þús.kr. Niðurstaða fyrir fjármagnsliði fyrir samantekin A- og B-hluta er áætluð 3.250 þús.kr. Fjármagnsliðir verði 2.860 þús.kr. og rekstrarniðurstaða verði 390 þús.kr. Eignir eru áætlaðar 725.200 þús.kr. og þar af handbært fé 6.882 þús.kr., skuldir og skuldbindingar samtals 220.597 þús.kr. og eigið fé verður 504.603 þús.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað 27.130 þús.kr. og afborganir langtímalána verður 43.269 þús.kr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum verður 40.000 þús.kr. Tekið verður nýtt langtímalán upp á 40.000 þús.kr. til að greiða niður óhagstæð lán.*

*BG, JHK, UEB samþykkja viðaukan. HGÁ og AH samþykkja ekki viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2020.*

*Z-listi óskar eftir fundarhléi kl 16:47*

*Fundur settur aftur kl 16:49*

*Z-listi óskar bóknar*

*Fjárhagsáætlun er plagg sem unnið er af allri sveitarstjórn með aðkomu formanna allra nefnda og forstöðumanna stofnanna og er stefnumótandi fyrir sveitarfélagið. Við mótmælum því að gerðar eru grundvallarbreytingar á fjárhagsáætlunnar án aðkomu annarra en örfárra einstaklinga í meirihlutanum. Sveitarstjórn ber ábyrgð á fjárhagsáætlun en z listinn hefur ekki verið boðaður á neinn fund til endurskoðunar.*

*Z-listinn bendir á að á þessum tíma er hætt við að taka þurfi fjárhagsáætlunina upp síðar á árinu vegna áhrifa Covid og ýmislegt sem trúlega verði meira aðkallandi en þær breytingar sem þarna eru. Meðan önnur sveitarfélög fara í framkvæmdir sem snúa hjólum atvinnulífsins er farið í framkvæmdir eins og að setja ledlampa í götuljós, ein milljón 2020, fjórar milljónir 2021 og tvær milljónir 2022 en þessi framkvæmd var ekki á núverandi áætlun. Einnig er inni girðing við grunnskólann upp á fjórar milljónir 2020, fjórar milljónir 2021 og fimm milljónir 2022 en þessi framkvæmd er ekki í núverandi áætlun. Að auki framkvæmd á skólalóð fyrir tíu milljónir 2022.*

*Fjármunir í ljósleiðarverkefni upp á rúmar sjö milljónir fara hins vegar út úr fjárhagsáætlunni en rafrænt fjarsamband er aldrei eins mikilvægt og nú. Framkvæmd við salerni í Kirkjubæjarskóla upp á sex og hálf milljón er einnig tekið út en slík framkvæmd er mannfrek og því ein af þeim framkvæmdum sem mikilvæg er á þessum tímum.*

*Með vilja allrar sveitarstjórnar var ráðist í kostnaðarsamar aðgerðir á árinu 2019 og lagt upp með að gengið yrði á eigið fé sveitarfélagsins.*



*Í minnisblaði frá starfandi sveitarstjóra, Gunnari Birgissyni, segir "neikvæður rekstur sveitarfélaga er ekki leyfilegur samkvæmt lögum" Í 64. grein Stjórnsýslulaga nr 138 frá 2011 um viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga segir:*

*Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Skyldu skv.1. mgr. skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að:*

*1. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum, og*

*2. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.*

*Neikvæður rekstur sveitarfélaga er því leyfilegur lögum samkvæmt, eitt ár af þremur.*

*Í minnisblaðinu kemur einning fram að ekki sé ljóst hve mikill styrkur fæst fyrir ljósleiðara-framkvæmdum 2019 en reiknað sé með tíu milljónum. Z listinn leggur til að fresta umræðu um ljósleiðara þar til ráðinn sveitarstjóri, Sandra Brá Jóhannsdóttir, kemur aftur til starfa sem þekkir málið. Enda edlileg krafa á stjórn sveitarfélagsins að hún sé með þau mál á hreinu í ljósi þess að sveitarstjórn ber lokaábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins.*

## 2. Styrktarsjóður EBÍ 2020 dags. 16.03.2020

*Sveitarstjórn vísar erindinu til Atvinnumálanefndar og Menningamálanefndar til umfjöllunar.*

## 3. Erindi frá Fasteignafélaginu Skerjavellir ehf vegna íbúðalóða í landi Hæðargarðs dags.18.03.2020

*Sveitarstjórn felur Sveitarstjóra og Skipulags- og byggingafulltrúa að ræða við Fasteignafélagið Skerjavelli ehf og geri sveitarstjórn grein fyrir stöðu málsins.*

## 4. Ákvörðun Ferðamálastofu varðandi styrkveitingu úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða dags. 10.03.2020

*Sveitarstjórn fagnar 6 milljóna króna styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamála. Styrkurinn er veittur til að byggja upp þann hluta Ástarbrautarinnar við Bjarnartættur, þar sem farið er niður af heiðinni að austan. Það er gott að byggja upp ferðamannastaðina á meðan okkur vantar vinnu fyrir íbúa. Framlag sveitarfélagsins er í formi vinnu við undirbúning verkefnisins og skipulagsvinnu sem verið er að vinna hvort eð er í aðalskipulagsvinnunni. Það er hægt að byrja strax á þessu verkefni.*

*Sveitarstjóra og byggingarfulltrúa falið að halda áfram með málið, og skrifa undir samning við Framkvæmdasjóðinn og skipuleggja vinnu við verkefnið.*



5. Leiðbeiningar frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga vegna fjarfunda hjá sveitarfélögum dags. 19.03.2020

*AUGLÝSING um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.*

*Á grundvelli þess að ríkislögreglustjóri hefur lýst yfir neyðarstigi almannavarna á Íslandi vegna farsóttar af völdum Covid-19, hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra tekið svofellda ákvörðun, með vísan til VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.*

*Til að tryggja starfhæfi sitt og til að auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélags er öllum sveitarstjórnnum heimilt að taka eftirfarandi ákvarðanir fela m.a. í sér tímabundin frávik frá skilyrðum ákvæða 3. mgr. 17. gr., 5. mgr. 35. gr., 1. mgr. 40. gr., 1. og 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga og 5. gr. leiðbeininga innanríkisráðuneytisins, frá 4. desember 2013, um leiðbeiningar um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna, nr. 1140/2013. Sveitarstjórnnum er heimilt að taka framangreindar ákvarðanir á fundi þar sem allir fundarmenn taka þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.*

- 1. Að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og nefndum sveitarfélagsins, án þess að fjarlægðir séu miklar, samgöngur innan sveitarfélags séu erfiðar eða mælt sé fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykktum sveitarfélagsins.*
- 2. Að ákveða að engin takmörk verði á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum sveitarstjórnar og nefndum sveitarfélagsins í fjarfundarbúnaði.*
- 3. Að ákveða að valdsvið nefnda verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í samþykktum sveitarfélagsins.*
- 4. Að fela fastanefnd eða einstökum starfsmönnum fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem varða ekki verulega fjárhag sveitarfélags og lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn, þrátt fyrir að kveðið sé um annað í samþykktum sveitarfélagsins.*
- 5. Að ákveða að staðfesting fundargerða sveitarstjórnar verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í 10 og 11. gr. leiðbeininga innanríkisráðuneytisins, frá 15. janúar 2013, um ritun fundargerða, nr. 22/2013. Heimild þessi gildir til 18. júlí 2020. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 18. mars 2020. F. h. r. Ragnhildur Hjaltadóttir.*

*Sveitarstjórn samþykkir að starfa eftir ofangreindri heimild til 18. júlí 2020*

6. Styrkbeiðni vegna fornleifarannsókna í Arfabót á Mýrdalssandi dags.5.03.2020

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða við Fornleifastofuna um hugsanlega aðkomu Skaftárhrepps að verkefninu.*

7. Styrkbeiðni vegna „Alltaf von“. dags. 17.03.2020

*Sveitarstjórn þakkar erindið en sér sér ekki færð að verða við erindinu.*



8. Upplýsingar frá Umhverfisstofnun varðandi fjármagn í deiliskipulag við Fjarðárgljúfur dags. 10.03.2020

*Sveitarstjórn fagnar því að nýtt deiliskipulag verði unnið fyrir Fjaðrárgljúfur árið 2020 og felur Skipulags- og byggingafulltrúa að fylgja málinu eftir.*

9. Rekstrarleigusamningur við Vélamiðstöðina vegna sorphirðubíls. dags. 23.03.2020

*Sveitarstjórn samþykkir samninginn.*

10. Samningur um sölubjónustu fasteignasala vegna Klausturvegar 2. dags. 11.03.2020

*Sveitarstjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leiti.*

11. Kortlagning beitolanda sauðfjár. Landgræðslan. dags. 19.03.2020

*Sveitarstjórn vísar erindinu til vinnuhóps um endurskoðun Aðalskipulags Skaftárhrepps.*

12. Erindi frá Markaðsstofu Suðurlands varðandi hugsanlega aðstoð við fyrirtæki dags. 18.03.2020

*Sveitarstjórn vísar erindinu til Atvinnumálanefndar og Atvinnumálafulltrúa Skaftárhrepps.*

13. Leiðir til viðspyrnu og sóknarfæra vegna Covid-19 og staða mála í sveitarfélaginu.

*Sveitarstjórn mun horfa til þess sem önnur sveitarfélög hafa gert svo sem að óska eftir þátttöku íbúa sveitarfélagsins. Íbúar eru hvattir til að koma með hugmyndir og ábendingar um verkefni sem geta á næstu mánuðum komið til móts við þarfir íbúa og fyrirtækja í sveitarfélaginu. Hugmyndir og ábendingar er hægt að senda á atvinnumálafulltrúa og kynningafulltrúa Skaftárhrepps sem taka á móti hugmyndum og vinna úr þeim með sveitarstjórn. Atvinnumálafulltrúa og kynningafulltrúa er falið að auglýsa eftir hugmyndum og ábendingum á vefmiðlum.*

14. Álagning og gjaldskrá 2020.

*Tillaga að breytingu vegna mistaka í bókun sveitarstjórnar 14.11.2019. Í bókun víxlást b. og c. liður. Fasteignagjöld skv. b- lið atvinnuhúsnaði skal vera 1,65% og fasteignagjöld skv. c- lið opinbert húsnaði skal vera 1,32%*

*Sveitarstjóra er falið að leiðrétta gjaldskrána og auglýsa í B- deild stjórnartíðinda.*





### III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu nr 75. Dags 19.03.2020  
*Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð forstöðumanna dags 17.03.2020  
*Z listinn gerir athugasemd við þá ráðstöfun starfandi sveitarstjóra að hafa kallað forstöðumenn stofnanna sveitarfélagsins saman á snertifund 17. mars 2020 í stað þess að nota fjarfundatækni eins og mælt var til á þessum tíma en ríkislögreglustjóri lýsti yfir neyðarstigi almannavarna 6. mars s.l. vegna Covid 19. Z listinn telur að forstöðumenn sveitarfélagsins eigi að ganga á undan með góðu fordæmi og virða tilmæli landlæknis og almannavarna og forðast að stefna fólki saman þegar önnur úræði eru tiltæk.*  
  
*Sveitarstjóri óskar bókunar. Þessi fundur var boðaður fyrir færri en 20 einstaklinga og farið eftir leiðbeiningum m.t.t. sóttvarna.*
3. Fundargerð stjórnar Náttúrustofu Suðausturlands dags. 17.03.2020  
*Fundargerð kynnt.*
4. Ársfundur Náttúrustofu Suðausturlands dags. 17.03.2020  
*Fundargerð kynnt.*
5. Fundur forstöðumanna Skaftárhrepps með sveitarstjóra mánudagin 23. mars 2020  
*Fundargerð kynnt.*

### IV. Annað kynningarefni

1. 555. fundur stjórnar SASS dags. 6.03.2020 *Kynnt*
2. Þekkingarsetur samantekt af stöðufundi 12.02.2020 *Kynnt*
3. 81. Fundur Svæðisráðs vestursvæðis dags. 4.03.2020 *Kynnt*
4. Jafnréttisstofa. Upplýsingar um stöðu jafnlaunavottunar hjá sveitarfélögum dags. 03.03.2020 *Kynnt*
5. Landstólpinn 2020. Óskað eftir tilnefningum. *Kynnt*
6. Leyfisbréf. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 17.03.2020 *Kynnt*
7. Starfsemi Félagsþjónustu Rangárvalla og Vestur Skaftafellssýslu *Kynnt*
8. Svar Skaftárhrepps við samantekt á flýti framkvæmdum. SASS dags. 16.03.2020 *Kynnt*
9. Viðbragðsáætlun Skaftárhrepps vegna Covid-19
10. Aðgerðaráætlun Skaftárhrepps vegna Covid-19

*Oddviti óskar eftir því að viðbragðs og aðgerðaráætlun Skaftárhrepps vegna Covid-19 verði samþykkt og birt á heimasíðu sveitarfélagsins.*

*Z listinn samþykkir áætlunin en með þeim fyrirvara hvort ekki sé hægt fjölga starfsmönnum og staðgenglum þannig að hver gegni bara einu hlutverki. Það er gert til þess að ef einn aðili veikist þá séu ekki margir póstar sem þarf að manna.*



*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og oddviti mun endurskoða mönnun lykil starfsmanna.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður fimmtudagin 16. apríl 2020

Fundi slitið kl: 18:57

---

Bjarki Guðnason

---

Jón Hrafn Karlsson

---

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

---

Unnur Einarsdóttir Blandon

---

Arndís Harðardóttir